

## 2. gr.

Gjald vegna töku á hundi, sbr. 6. gr. samþykktar nr. 685/1994 skal vera kr. 4.000.

## 3. gr.

Innifalið í skráningargjaldinu er skráning og ábyrgðartrygging á hundinum auk bandormahreinsunar einu sinni á ári.

## 4. gr.

Um vexti af vangreiddum gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari gilda almennar reglur.

## 5. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samþykkt í bæjarráði Eskifjarðar er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit ásamt síðari breytingum til að öðlast gildi þegar í stað. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 88/1995 fyrir hundahald í þéttbýli á Eskifirði.

*Ákvæði til bráðabirgða.*

Gjalddagi árið 1996 er 15. febrúar.

*Umhverfissráðuneytinu, 5. febrúar 1996.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*

## REGLUR

**um breytingu á reglum nr. 231/1993, um endurgreiðslu á umtalsverðum útgjöldum sjúkratryggðra vegna læknishjálpar og lyfja, með síðari breytingum.**

## 1. gr.

Á eftir tölunni „4“ í b. lið 2. gr., sbr. a. lið 1. gr. reglna nr. 70/1996, kemur: 6.

## 2. gr.

Reglur þessar sem settar eru með stoð í 12. gr. laga nr. 118/1993, um félagslega aðstoð öðlast þegar gildi.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 7. febrúar 1996.*

**Ingibjörg Pálmadóttir.**

*Davíð Á. Gunnarsson.*